



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð


**Sendandi:** Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

### *Lóðaúthlutanir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

Í þeim tilgangi að fá yfirsýn yfir væntanlega uppbyggingu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í gegnum lóðaúthlutanir er hér lagt fram minnisblað um væntan fjölda íbúða með lóðaúthlutunum sveitarfélaga á árinu 2017 annarsvegar og hinsvegar á öllu kjörtímabilinu.

Reykjavík úthlutaði á síðasta ári lóðum undir 1.711 íbúðir. Kópavogur úthlutaði lóðum fyrir 65 íbúðir, Hafnarfjörður undir 66 íbúðir. Hvorki Garðabær né Mosfellsbær úthlutaði lóðum undir íbúðir á árinu 2017. Tölur um lóðaúthlutanir fyrir Seltjarnarnes liggja ekki fyrir.

Þegar kjörtímabilið er skoðað í heild sinni kemur í ljós að Reykjavík hefur úthlutað lóðum undir 2028 íbúðir. Kópavogur hefur úthlutað lóðum undir 413 íbúðir og Hafnarfjörður fyrir 395 íbúðir. Þá hefur Garðabær úthlutað lóðum fyrir 42 íbúðir á kjörtímabilinu og Mosfellsbær lóðum fyrir 200 íbúðir



Heimild: RÚV, byggt á svörum sveitarfélaganna til fréttastofu RÚV.

